Fullgild rafræn undirskrift
ANÍTA BJÖRK PÁLÍNUDÓTTIR
2024-09-02 14:47:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGURÐUR SIGURJÓNSSON
2024-09-02 15:25:46 GMT
Ástæða: Undirskrift

Landsnet hf.
Kt. 580804-2410
Gylfaflöt
112 Reykjavík

Tengiliður: Sigurður Sigurjónsson
- sigsi@cowi.com
- s: 563-9300

Leyfisveiting vegna leiðslu/vinnu á vegsvæði Hrafnseyrarvegar (626-01) og Vestfjarðarvegar (60-38)

Vegagerðin hefur móttekið umsókn vegna leiðslu á vegsvæði frá Landsnet hf. þar sem óskað er eftir leyfi fyrir þverun vegar, lögn meðfram vegi og í vegi, sjá meðfylgjandi gögn og merkjaplan.

Framkvæmd

Um er að ræða rafmagnslögn, 66kV jarðstreng. Nánari lýsingu má sjá í minnisblaði sem fylgdi með umsókn.

Áætlaður verktími sumar/haust 2024 til haust/vetur 2025.

Heimild Vegagerðarinnar

Vegagerðin heimilar legu lagnarinnar í samræmi við umsókn dags 6.6.2024 með eftirfarandi skilyrðum:

- Þar sem lögnin þarf að vera í vegi skal ganga frá skurði með burðarhæfu efni, sambærilegu við það sem er í burðarlagi vegarins og þjappa vel með 30 cm millibili.
- Þar sem að taka þarf upp ræsi og skipta þeim út, skal byrja á því að taka efstu 30 cm eða þar til komið er ofan í mold og haugsetja það efni ofan við lögn. Þegar komið er ofan í mold skal haugsetja hana neðan við veg og passa skal að efnin blandist sem minnst saman. Skurðurinn skal grafinn skv. þversniði á teikningu 1. Verktaki skal passa að jarðvegur undir rörum sé fullnægjandi. Verktaki skal hafa samráð við eftirlit um staðsetningu ræsa í stöð og hæð. Þegar búið er að leggja ræsi niður skal þjappa í 30 cm lögum. Passa þarf að þjöppun sé það nægjanleg að ekki komi sig í veginn. Við verklok skal farið yfir öll ræsin og athugað hvort eitthvað sig hafi orðið og það þá þjappað og lagað.
- EKKI er gefið leyfi fyrir því að leggja lagnir ofan á ræsi.
- Þar sem þvera þarf vegi skal alltaf bora undir veg. Lögnin skal vera a.m.k. 0,7 m undir yfirborði vegar og bora eða reka skal undir vegi. Að gefnu tilefni er tekið fram að EKKI er gefið leyfi fyrir því að grafa í sundur stúta að afleggjurum hvort heldur sem er með bundnu slitlagi eða möl.
- Verkkaupi og eða verktaki skulu hafa starfsmenn sem hafa gilt námskeið í merkingu vinnusvæða.
- Þeir sem vinna á eða við veg skulu vera með öryggisbúnað/fatnað í samræmi við kröfur og reglur, en mjög óhreinn vinnufatnaður er ófullnægjandi.

Vegagerðin minnir á að verktaki skal gera viðhlítandi öryggisráðstafanir á vinnustað í samræmi við reglur Vinnueftirlits ríkisins og reglugerðir s.s. lög nr. 46/1980 og 547/1996.

Vegagerðin
Borgartún 5–7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Um leiðsluna gilda „Reglur um leiðslur á vegsvæði“ sbr. bls. 2 á umsóknarblaði með þeim skilyrðum sem þar koma fram og með eftirfarandi öðrum skilyrðum:

1. Vegsnið og umhverfi vegarins skal halda sér. Skila skal vegsvæðinu í jafngóðu ástandi og það var í áður, þar með talið vegyfirborði, vegöxlum, vegfláum og vegrásum sem og öðru innan vegsvæðis. Gerð er krafa um að lagnaeigandi, Landsnet hf., beri ábyrgð á verkinu í tvö ár, komi fram sig eða skemmdir á vegyfirborði og láti þá lagfæra á sinn kostnað.
2. Merkingar skulu vera í samræmi við reglur Vegagerðarinnar og skal haft samráð við Vegagerðina og lögreglu varðandi merkingar. Skila skal inn merkjaplani til Vegagerðarinnar áður en verk hefst. Verði ekki farið eftir þessu eða merkingum sé ábótavant á verktímanum mun Vegagerðin lagfæra og eða merkja vinnusvæðið á kostnað leiðslueiganda. Lagfæra skal merkingar innan 2 klst. eftir að kvörtun kemur frá Vegagerðinni eða lögreglu um að merkingar séu ekki í lagi.
3. Leiðslueigandi skal gæta ýtrustu varkárni í grennd við aðrar lagnir er kunna að vera á vinnusvæðinu og skal í einu og öllu fara eftir þeim ákvæðum sem um þær gilda.
4. Leiðslueigandi skal kynna sér rækilega legu lagna sem kunna að vera á eða við vinnusvæðið, áður en framkvæmdir hefjast.
5. Vegagerðin er ekki ábyrg fyrir tjóni sem þriðji aðili kynni að valda eða verða fyrir af völdum umræddra framkvæmda.
6. Hafa skal samband við Vegagerðina áður en farið verður í framkvæmd þessa og skal ekki hefja verkið án samráðs við eftirlit Vegagerðarinnar. Eftirlitsmaður frá Vegagerðinni mun hafa eftirlit með verkinu af hálfu Vegagerðarinnar og hafa skal samband við eftirlitsmann, Guðmund R. Björgvinsson, í síma 522-1661.
7. Vegagerðin óskar eftir að lega strengjanna verði send í ISNET hnitum eftir framkvæmd.
8. Að framkvæmd lokinni skal frágangur vegsvæðis tekinn út af eftirlitsmanni Vegagerðarinnar. Sé frágangi ábótavant skal hann lagaður samkvæmt tilmælum eftirlits.
9. Framkvæmdir á vegsvæði Vegagerðarinnar við lögnina skulu taka eins stuttan tíma og unnt er, frá byrjun framkvæmda á vegsvæði að lokun endanlegs frágangs.
10. Tryggja þarf að ekki komi upp óþarfa tafir og lágmarka þar með óþægindi vegfarenda og á sama tíma verður að gæta fyllsta öryggis allra í hvívetna.

Krafa er um að umsækjandi kynni sér „Reglur um leiðslur á vegsvæðum“, sjá á slóð http://www.vegagerdin.is/thjonusta/leidslur-a-vegsvaedi/.

Þegar taka þarf niður umferðarhraða eða loka vegum, sem er hámark 10 mínútur í senn, þá er gerð krafa um merkingar og fara skal eftir reglum um vinnusvæðamerkingar sem finna má á slóðinni: http://www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar/

Ef leiðslueigandi telur ekki unnt að vinna verkið skv. skilyrðum þessum, skal haft samráð við eftirlitsmann Guðmund R. Björgvinsson varðandi aðrar lausnir.

Gildistími leyfis er áætlaður verktími, þ.e. sumar/haust 2024 til haust/vetur 2025.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Aníta Björk Pálínudóttir
Tæknideild Vestursvæðis

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt.